

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 247/1992. **Gunnar Hólm Guðbjartsson**

gegn

**Ágústu Ingibjörgu Hólm,  
Guðjóni Guðbjartssyni,  
Ólafi Guðbjartssyni,  
Önnu Margréti Guðbjartsdóttur,  
Hólmfríði Guðbjartsdóttur,  
Steinunni Guðbjartsdóttur og  
Guðbjarti Guðbjartssyni.**

Kærumál. Skipti.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júní 1992 og vísar um kæruheimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Málið barst Hæstarétti 10. júní sl. Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að kröfur hans verði teknar til greina, þ.e. aðallega, að svo verði kveðið á, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir fyrri eiginkonu Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, Ólafíu Jónsdóttur, er andaðist 31. ágúst 1953, og búi hans nú verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu. Til vara krefst hann þess, að ef talið verði, að lögleg búskipti hafi farið fram árið 1954, verði allt að einu staðfest, að sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan úr búinu, og eigi hann því arfinn inni í búinu, og verði tekið fullt tillit til þess við skiptin nú.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið hafðar uppi fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu lýtur annars vegar að kröfu sóknaraðila um, að bú foreldra sinna, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar og fyrri eiginkonu hans, Ólafíu Jónsdóttur, verði tekið til skipta, en hins vegar að þeirri kröfu hans, að við skipti

á dánar- og félagsbúi fyrrgreinds Guðbjarts Hólm og síðari eigin konu hans, Gunnleifar Kr. Sveinsdóttur, fái hann móðurarf sinn greiddan úr búinu. Þegar litið er á málefnið í heild og með hliðsjón af 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, þykir rétt þrátt fyrir ákvæði b-liðar sama töluliðar að telja kæru úrskurðarins heimila.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, andaðist móðir sóknaraðila 31. ágúst 1953. Samkvæmt skiptasamningi 3. maí 1954 og erfðafjárskýrslu sama dag fóru fram skipti á dánar- og félagsbúi hennar og Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, en gögn þessi voru athugasemdalaust móttækin af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og greiddur erfðafjárskattur í samræmi við þau. Verður að meta þetta svo, að skiptaráðandi hafi samþykkt, að einkaskipti færu fram á búinu, sbr. 74. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og hann hafi jafnframt litið svo á við móttöku skjalanna, að skiptum væri þar með lokið. Guðbjartur Hólm mun skömmu síðar hafa stofnað til hjúskapar að nýju. Þegar á þetta er litið ásamt því, hversu langur tími leið, áður en sóknaraðili setti fram kröfur sínar, þykja ekki lagaskilyrði til að taka til greina kröfur sóknaraðila í kærumáli þessu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Ekki reynir á kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 22. maí 1992.

#### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 30. apríl 1992.

Sóknaraðili málsins er Gunnar Hólm Guðbjartsson, Lyngási, Kjalarneshreppi. Hann gerir þá réttarkröfu aðallega, að því verði slegið föstu með úrskurði skiptaréttar, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir lát Ólafíu Jónsdóttur, er andaðist 31. ágúst 1953, fyrri eiginkonu arfláta, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, og búi hans verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu. Til vara krefst sóknaraðili þess, ef skiptarétturinn kemst að þeirri niðurstöðu, að lögleg búskipti hafi farið fram árið 1954, að því verði allt að einu slegið föstu,

að sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan úr búinu, og þess vegna eigi hann móðurarf sinn inni, og við skiptin nú verði tekið fullt tillit til þeirrar staðreyndar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilar eru Ágústa Ingibjörg Hólm, Drápuhlíð 22, Reykjavík, Guðjón Guðbjartsson, Króki, Kjalarneshreppi, Ólafur Guðbjartsson, Steina-gerði 8, Reykjavík, Anna Margrét Guðbjartsdóttur, Austurbrún 25, Reykjavík, Hólmfríður Guðbjartsdóttir, Kleppi, starfsmannahúsi, Reykjavík, Steinunn Guðbjartsdóttir, Breiðumörk 18, Hveragerði, og Guðbjartur H. Guðbjartsson, búsettur í Þýskalandi. Varnaraðilar gera þá réttarkröfu að verða sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila. Jafnframt er þess krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðilum, annaðhvort hverjum fyrir sig eða öllum saman, allan kostnað þeirra af ágreiningsmáli þessu með hliðsjón af 2. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Sáttaumleitaniir dómara hafa ekki borið árangur.

## II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að 6. nóvember 1989 lést Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, síðast til heimilis að Króki, Kjalarneshreppi. Hinn 10. janúar 1990 var móttækin beiðni Gunnars Hólms Guðbjartssonar, sóknaraðila, um opinber skipti á búi hins látna. Var beiðni þessi tekin fyrir hjá skiptarétti Kjósarsýslu 9. febrúar 1990, og hófust þá upphafsáðgerðir opinberra skipta.

Arfláti var tvíkvæntur, og eru erfingjar dánarbúsins börn af báðum hjónaböndum hins látna. Erfingjar hafa gengist við arfi og skuldum hins látna. Á skiptafundi 18. október 1991 kom upp ágreiningur milli erfingja, hvort dánarbússkipti hefðu farið fram eftir Ólafu Jónsdóttur, fyrri eigin-konu arfláta. Var því ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál, og er það mál hér til úrskurðar.

## III.

Málavextir eru þeir, að 21. október 1944 gekk arfláti, Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, að eiga Ólafíu Jónsdóttur, sem lést 31. ágúst 1953. Eignuð-ust hjónin þrjú börn, þau Gunnar, Ólaf og Guðjón. Jafnframt tóku hjónin sér kjördóttur, Ágústu Ingibjörgu.

Guðbjartur Hólm stofnaði að nýju til hjúskapar með Gunnleifu Kr. Sveinsdóttur, en hún lést 27. janúar 1973. Börn þeirra hjóna voru Anna Margrét, Hólmfríður, Guðbjartur og Steinunn. Hinn 25. júlí 1973 fékk arfláti heimild skiptaráðanda til setu í óskiptu búi með börnum af síðara hjónabandi, sem hann og gerði til dánardægurs. Guðbjartur Hólm Guð-

bjartsson fékk heimild til setu í óskiptu búi með börnum af fyrra hjónabandi 8. desember 1953. Sama dag var Guðjón Hólm hdl., föðurbróðir barnanna, skipaður fjárhaldsmaður þeirra.

Meðal málgagna er að finna skiptasamning (réttarskjal nr. 5), og er meginmál hans svohljóðandi:

Ár 1954, mánudaginn 3. maí, var skiptafundur haldinn í félagsbúi hjónanna Ólafu sál. Jónsdóttur frá Króki á Kjalarnesi og eftirlifandi manns hennar, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, Króki, Kjalarnesi, en maður hennar hefur setið í óskiptu búi, en óskar nú eftir að skipta búinu, og hefur hann ákveðið ásamt skipuðum fjárhaldsmanni barnanna, Guðjóni Hólm hdl., að skipta búinu einkaskiptum.

Á fundi, sem haldinn var í húsinu nr. 8 við Aðalstræti, Reykjavík, var maðurinn sjálfur mættur ásamt skipuðum fjárhaldsmanni barnanna, Guðjóni Hólm hdl., en börnin eru Ágústa 10 ára, Gunnar 8 ára, Guðjón 5 ára og Ólafur 1 árs.

Ekillinn lagði fram skrá yfir eigur búins, sem fjárhaldsmaður barnanna samþykkti að öllu leyti. Samkvæmt henni eru eignir:

1. Hálf jörðin Krókur	kr. 5.650,00
2. Eignir skv. landbúnaðarskýrslu	— 26.500,00
3. Verkfæri og áhöld	— 1.600,00
4. Innanstocksmunir	— 3.000,00
5. Inneign í stofnsjóði	— 1.400,00
6. Verðbréf og útistandandi skuldir	— 1.500,00
	<hr/>
	Samtals kr. 39.650,00
Frá dregst jarðarfararkostnaður	— 3.655,95
Afgangs skuldum verða	— 35.994,05
Þar frá dregst búshelmingur ekkils	— 17.997,03
	<hr/>
	kr. 17.997,02

Til skipta koma þá 17.997,02 kr. Þar af er arfshluti ekkils 1/4, 4.499,25 kr., og arfahluti Ágústu, Gunnars, Guðjóns og Ólafs, hvers um sig, 3.374,31 krónur.

Ekillinn heldur búinu gegn greiðslu á arfahluta barnanna í verðtryggnu skuldabréfi. Erfðafjárskattinn greiðir ekillinn til skiptaráðanda nú næstu daga.

Undirskrift aðila hér undir gildir sem kvittun fyrir framangreindu uppgjöri.

Guðbjartur Hólm (sign.).

Guðjón Hólm (sign.).

Vottar:

S. Sigurjónsson.

J. Hansen.

Skiptasamningur þessi var mótttekinn til þinglýsingar á jörðina Krók, Kjalarneshreppi, 18. júní 1954.

Frammi liggur erfðafjárskýrsla, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr.6). Erfðafjárskýrslan er undirrituð af Guðbjarti Hólmi Guðbjartssyni og Guðjóni Hólmi hdl. Samkvæmt skýrslu þessari voru hreinar eignir búans 17.997,02 kr. og erfðafjáskattur samtals 286,19 kr. Á skýrslu þessa er ritað: „Greitt 18/6 '54“, og er ágreiningslaust með aðilum, að þá hafi erfðafjáskattur verið greiddur.

Í málinu hefur verið lagt fram myndrit af afriti skuldabréfs, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr. 9). Samkvæmt myndriti þessu er skjalið hvorki undirritað né vottað. Í meginmáli þess gengst Guðbjartur Hólmi Guðbjartsson við því að skulda börnum sínum, þeim Ágústu, Gunnari, Guðjóni og Ólafi, 13.497,24 kr., sem hann lofar að greiða á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum, 1.349,72 kr. í hvert sinn, 3. maí ár hvert og í fyrsta sinn 3. maí 1955. Samkvæmt myndritinu átti skuldin að bera 5% ársvexti, og til tryggingar greiðslu átti að veðsetja hálfu jörðina Krók, Kjalarneshreppi. Ekki liggur frumrit skjalsins frammi í málinu, og fyrir liggur, að skjali þessu var ekki þinglýst á jörðina.

Fyrir réttinn hefur komið Guðjón Hólmi hdl. og gefið vitnaskýrslu. Vitnið kvaðst hafa gengið frá skiptum eftir Ólafíu Jónsdóttur, fyrri eiginkonu Guðbjarts Hólmi Guðbjartssonar. Kvaðst vitnið ekki muna, hvort fengið hefði verið skriflegt leyfi skiptaráðanda til að skipta búinu einkaskiptum, en taldi ástæðu til að ætla, að slíkt skjal væri glatað. Fullvist væri þó, að skipti hefðu farið fram með samþykki skiptaráðanda. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að uppskrift á eignum búans hefði farið fram.

Vitnið kvaðst aldrei hafa fengið í sínar hendur peninga eða verðmæti vegna skiptanna, enda hefði hann framkvæmt skiptin í greiðaskyni. Kvaðst vitnið hafa annast skjalagerð vegna skiptanna, en ekillinn hefði greitt erfðafjárskattinn hjá skiptaráðanda. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort fram lagt skuldabréf (réttarskjal nr. 9) hefði verið undirritað á lögmannsstofu sinni.

Sóknaraðili, Gunnar Hólmi Guðbjartsson, hefur komið fyrir réttinn og gefið aðilaskýrslu.

#### IV.

Af hálfu sóknaraðila er aðalkrafa hans á því byggð, að skipti eftir móður sóknaraðila hafi ekki farið fram með lögmætum hætti í samræmi við

ákvæði skiptalaga nr. 3/1878. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna hafi borið skylda til að skipta búinu opinberum skiptum, en slíkt hafi ekki verið gert. Jafnframt hafi ekki farið fram uppskrift og virðing á eignum búins samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., sem sé skilyrði þess, að lögmæt skipti geti farið fram. Hafi Guðbjartur heitinn ásamt hálfbróður sínum, Guðjóni Hólmi, er gætti hagsmuna barnanna, ákveðið að skipta búinu einkaskiptum, en heimild til slíks hafi ekki verið fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 74. gr. áður-greindra laga.

Sóknaraðili telur, að í stað þess, að jörðin Krókur hafi verið metin eins og lög kveð á um, byggji fram lagður skiptasamningur á 12 ára gömlu fasteignamati, 11.300,00 kr., frá árinu 1942. Til samanburðar megi líta til þess, að fasteignamat jarðarinnar hafi árið 1957 verið 52,800,00 krónur.

Sóknaraðili heldur því fram, að ástæður þess, að reki var gerður að því að skipta dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur, hafi verið þær, að faðir sinn, Guðbjartur Hólm, hugðist kvænast að nýju skömmu eftir lát fyrri konu sinnar. Því hafi nauðsyn borið til, að dánarbúi hennar yrði skipt. Þar sem lögmæt skipti hafi ekki farið fram á dánarbúinu, beri nú við skipti á dánar- og félagsbúi Guðbjarts Hólmi og síðari eiginkonu, Gunnleifar Kr. Sveinsdóttur, að líta svo á, að hann hafi setið í óskiptu búi með börnum fyrri eiginkonu. Verði því við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólmi að taka fullt tillit til þess, að sóknaraðili eigi rétt á arfi eftir móður sína, sem aldrei hafi verið greiddur. Í þessu sambandi verði að líta til þess, að eign dánarbús Guðbjarts Hólmi sé einkum hálf jörðin Krókur ásamt búnaði öllum, en sú eign hafi verið fyrir hendi við andlát Ólafíu Jónsdóttur.

Sóknaraðili telur augljóst, verði ekki fallist á aðalkröfu sína, að taka beri varakröfuna til greina, þar sem sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan og hann standi ennþá inni í dánarbúi föður síns, Guðbjarts Hólmi.

## V.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að skipti á búi Ólafíu Jónsdóttur hafi í hvívetna farið fram að lögum, þeim hafi verið lokið og allra forms- og efnisskilyrða gætt. Hafi búinu verið skipt einkaskiptum, og hafi skiptaráðandi ekki hafnað tillögum fjárhaldsmanns barnanna, þar sem hann hafi ekki talið þær skjólstæðingum sínum í óhag, sbr. 50. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Telja varnaraðilar, að sannað hafi verið með fram lagðri skiptagerð, erfðafjárskýrslu, skipun fjárhaldsmanns og öðru, að skiptin hafi farið fram árið 1954. Fyrir liggja upplýsingar um, hvernig staðið hafi verið að uppgjöri móðurarfsins til barna Ólafíu, á fram lögðu skuldabréfi, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr. 9). Ekki sé að finna lagaheimild til að hrófla

við skiptum þessum nú, og telji sóknaraðili sig ekki hafa fengið uppgjör úr hendi fjárhaldsmanns síns, beri honum að beina kröfum að fjárhaldsmanninum. Telji hann, að stjórnvöldum hafi orðið á mistök við meðferð þeirra þátta málsins, sem að þeim hafi snúið 1954, beri honum að gera skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði vegna greindra stjórnvaldsathafna.

Við munnlegan flutning málsins taldi lögmaður varnaraðila, að uppskrift og virðingargerð samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., skiptalaga nr. 3 /1878, væri ekki fortakslaust skilyrði dánarbússkipta, þar sem skipt væri dánarbúi milli maka og ófjárráða erfingja. Nægjanlegt væri að byggja á eignafram-tölu langlífari maka, ef erfingjar og fjárhaldsmenn tækju hana gilda, sbr. 59. gr. sömu laga. Í slíkum tilvikum sé heimilt að framselja dánarbú til einkaskipta samkvæmt 74. gr. laganna, telji skiptaráðandi slíkt í samræmi við hagsmuni ófjárráða erfingja. Taldi lögmaðurinn, að skiptin á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur hefðu farið fram í samræmi við ofangreint. Auk þess hafi þau samrýmst 62. gr. laganna, enda hefði skiptagerðinni frá 3. maí 1954 verið þinglýst á aðaleign búsins og veð verið veitt í þeirri eign.

Fram kemur hjá varnaraðilum, að þegar skipti hófust á dánar- og félagsbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar 9. febrúar 1990, hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir þess efnis, að hið eldra dánarbú væri óskipt. Slíkar athugasemdir hafi fyrst komið fram á skiptafundi 18. október 1991. Þessu hafi þegar verið mótmælt og vísað til þess, að skipti hefðu farið fram árið 1954. Þegar athugasemdir sóknaraðila komu fram, hefðu verið liðin 37 ár frá andláti móður hans og um það bil 25 ár, frá því að sóknaraðili varð lögráða. Allan þennan aldarfjórðung og einnig fyrstu tvö árin eftir, að skipti hófust, hafi hann látið sem skipti eftir móður sína hefðu farið fram, og hann gerði engar athugasemdir við þau skipti. Telja varnaraðilar, að með þessu tómlæti hafi sóknaraðili viðurkennt gildi skiptanna frá 1954.

Um varakröfu sóknaraðila er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að í raun sé um að ræða greiðslukröfu á hendur dánarbúi Guðbjarts Hólm og sú krafa eigi ekki undir skiptaréttinn. Breyti engu þar um, þótt hún sé orðuð þannig, að krafist sé viðurkenningar á því, að sóknaraðili hafi ekki fengið uppgjör á móðurarfi sínum. Sóknaraðili hafi sjálfur lagt fram sönnunargögn um, að uppgjör hafi farið fram. Óviðkomandi sé dánarbúi Guðbjarts Hólm, hvort fjárhaldsmaður sóknaraðila hafi staðið í skilum.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess, að samkvæmt fræðikenningum sé líklegra, að kröfugerðaraðili verði að snúa sér til almennra dómstóla en skiptaréttar, því lengra sem liðið er frá skiptalokum. Jafnframt verði minnst eitt eftirgreindra atriða að vera fyrir hendi: svik, nýjar eignir eða nýr erfingi. Ekkert af þessu eigi við í máli þessu, og allt of langur tími sé liðinn, frá því að sóknaraðili gat hafist handa, til að unnt sé að taka tillit til kröfu hans.

Varnaraðilar telja, að málshöfðun sóknaraðila sé að óþörfu og tilgangur hennar að tefja skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar. Slíkt valdi varnaraðilum kostnaði, og því sé þess krafist, að tillit verði tekið til ákvæða 2. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, þegar málskostnaður verði ákveðinn. Dómsathöfnin sé þarflaus og þýðingarlaus, og vegna þess, hve sakir séu miklar, beri að úskurða álag á málskostnað.

## VI.

Ágreiningur máls þessa kom upp við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, sem sat í óskiptu búi eftir síðari eiginkonu sína, Gunnleifu Kr. Sveinsdóttur, og varðar skipti á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur, fyrri konu hans.

Sóknaraðili, Gunnar Hólm Guðbjartsson, er sonur Guðbjarts og Ólafíu, en önnur börn þeirra hjóna eru varnaraðilar í máli þessu ásamt börnum Guðbjarts og síðari eiginkonu.

Ólafía Jónsdóttir lést 31. ágúst 1953. Eftirlifandi maki hennar fékk heimild skiptaráðanda til setu í óskiptu búi 8. desember sama ár, og var Guðjón Hólm hdl., hálfbróðir hans sammæðra, skipaður fjárhaldsmaður barna hjónanna. Hinn 3. maí 1954 var gerður samningur um skipti búsin, sem undirritaður er af eftirlifandi maka og fjárhaldsmanninum fyrir hönd barnanna. Um eignir búsin kemur fram í samningi þessum, að byggt sé á eignaframtölu makans, sem fjárhaldsmaðurinn samþykki að öllu leyti. Skiptasamningur þessi var lagður inn til þinglýsingar á jörðina Krók, Kjalarnesi, 18. júní 1954. Sama dag var erfðafjárskýrsla afhent og erfðafjárskattur greiddur. Fullt samræmi er milli erfðafjárskýrslunnar og skiptasamningsins. Ekki liggur annað fyrir en gögn þessi hafi athugasemdalaust verið móttækin af sýslumanninum í Kjósarsýslu. Þegar framangreint er virt, þykir ótvírætt, að skiptaráðandi hafi framselt erfingjum dánarbúið til einkaskipta, sbr. 74. gr. skiptalaga nr. 3/1878, og að slík skipti hafi farið fram. Verða röksemdir þær, sem sóknaraðili færir fram fyrir aðalkröfu sinni, ekki taldar leiða til þess, að svo verði litið á, að dánarbúinu hafi ekki verið skipt, og er því þeirri kröfu hans hafnað.

Varakrafa sóknaraðila byggist á þeirri forsendu, að hann hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan, og því beri að taka tillit til þess við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm og síðari eiginkonu hans. Verður krafa þessi ekki skilin á annan hátt en þess sé krafist, að endurupptekin verði dánarbússkipti eftir Ólafíu Jónsdóttur og að framhaldsskipti á því búi fari fram samhliða og í tengslum við yfirstandandi skipti.

Á það verður að fallast með sóknaraðila, að skiptameðferð á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur var að nokkru leyti ábótavant, einkum þegar litið er til

þess, að um ólögráða erfingja var að ræða. Fór ekki fram uppskrift og virðing á eignum búans, heldur var stuðst við ónákvæma eignaframtölu eftirlifandi maka. Jafnframt var fjárhaldsmaður ófjárráða erfingja miður heppilegur til starfans vegna tengsla sinna við makann. Til þess ber þó að líta, að dánarbússkipti þessi sættu fyrst andmælum af hálfu sóknaraðila 18. október 1991, en þá voru liðin 25 ár, frá því að hann öðlaðist fjárræði. Ástæða hefði verið fyrir sóknaraðila að gera fyrr athugasemdir við skiptin, og þykir hann með þessu athafnaleysi hafa sýnt af sér stórkostlegt tómlæti.

Skiptum á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur lauk með þeim hætti, að ekillinn tók undir sig eignir búans gegn greiðslu á tiltekinni fjárhæð til ólögráða barna. Til staðfestingar þessu átti að gefa út skuldabréf, tryggt með veði í jörðinni Króki, Kjalarnesi. Skiptalok þessi eiga sér stoð í 62. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Þrátt fyrir það að líkur hafi verið leiddar að því, að fjárskuldbinding þessi hafi aldrei verið efnd og að sóknaraðili hafi því ekki fengið móðurarf sinn greiddan, verður hvorki fallist á, að unnt sé að endurupptaka dánarbússkipti eftir Ólafíu Jónsdóttur né hafa nú uppi kröfur gegn dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar. Með vísan til framangreinds er varakröfu sóknaraðila hafnað.

Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 70.000,00 kr. í málskostnað að virðisaukaskatti með töldum. Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður ekki fallist á kröfu varnaraðila um álag á málskostnað, sbr. 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Benedikt Bogason, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er þeirri kröfu sóknaraðila, Gunnars Hólm Guðbjartssonar, að viðurkennt verði með úrskurði, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir Ólafíu Jónsdóttur, fyrri eiginkonu arfláta, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, og búi hans verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu.

Varakröfu sóknaraðila um, að því verði slegið föstu með úrskurði, að taka beri tillit til þess við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni, er einnig hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 70.000,00 kr. í málskostnað að með töldum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin að frá töldum virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júní 1992 til greiðsludags.